



Þróun og prufukeysrsla á smiðjum um sjálfbærni og umhverfismennt

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs
Maí 2022

Nafn skóla: Laugalækjarskóli
Nafn verkefnastjóra: Sigurlaug Arnardóttir hjá Landvernd
Númer samnings og hvaða ár hlaut verkefnið styrk: UMS210-22



LANDVERND



FORSAGA VERKFNISINS

Frá 2019 hefur Landvernd haft umsjón með verkefninu Umhverfisfréttafólk (YRE). Það er alþjóðlegt verkefni rekið undir hatti FEE, starfrækt í 42 löndum. Markmið verkefnisins er að gefa ungu fólki vettvang til þess að hafa áhrif, kynna sér umhverfismál og miðla til almennings. Landvernd hefur kappkostað að útbúa efni til þess að styðja við verkefnið með því að búa til örfræðslur, námsefni og greinar o.fl. sem hægt er að nálgast á heimasíðu Landverndar. Þróunarverkefnið er unnið í samstarfi með Laugalækjarskóla sem hófst í janúar 2022.

MARKMIÐ VERKFNISINS

Markmið verkefnisins er að auka framboð á námsefni um sjálfbærni og umhverfismennt fyrir unglíngastig grunnskóla og framhaldsskóla. Finna nýja nálgun á umhverfismennt í Laugalækjarskóla.

Útbúa kennsluáætlun sem styður við verkefnið í Laugalækjarskóla.

Miðla kennsluáætluninni til annarra skóla sem vilja taka þátt í verkefninu.

Útbúa námsefni fyrir kennarar sem vilja fjalla um umhverfismál.

Hvetja ungt fólk til þess að fjalla um umhverfismál á valdeflandi hátt, að þau hafi val innan ákveðins ramma og geti miðlað verkefnum sínum í skólanum sem og utan hans.

LEIÐIR AÐ MARKMIÐNU

Verkefnið var samstarf náttúrufræðikennara í Laugalækjarskóla og sérfræðings hjá Landvernd. Það var unnið í þremur 10. bekkjum í náttúrurfræðitímum sem voru tvisvar í viku, klukkutíma í senn. Verkefnið tók 7 vikur í framkvæmd.


Byrjað var á kveikju þar sem fjallað var vítt og breytt um umhverfismálin. Í framhaldi af því voru umræður, unnin voru nokkur hóp og einstaklingsverkefni. Þegar nemendur voru búnir að fá fræðslu og ákveðinn grunn. Þá völdu þeir sér umfjöllunarefni. Í kennsluáætluninni voru leiðbeiningar um hvernig taka á ljósmynd, skrifa blaðagrein eða búa til myndband. Nemendur unnu að verkefnum sínum með aðstoð kennara og sérfræðings frá Landvernd. Þegar nemendur höfðu unnið að sínum verkefnum þá voru þau kynnt fyrir bekknum og síðan metin af kennara. Nokkrir hópar sendu verkefni sín í keppni á vegum Landverndar. Það komust tvö verkefni frá Laugalækjarskóla í úrslit keppninnar. Í skýrslunni er kennsluáætlunin sem nemendur fengu sem skýrir ferlið betur.

FRÁVIK OG HINDRANIR

Verkefnið gekk að mestu eins og til stóð. Í byrjun árs var mikið um covidsmít. Það hafði þau áhrif að stundum vantaði í hópana hjá nemendum. Sumir hópar voru lengi í gang með verkefnið. Að lokum náðu allir að klára sín verkefni og kynna fyrir bekknum.

HELSTI ÁVINNINGUR VIÐ VERKEFNIÐ

Verkefnið er ný leið fyrir kennarann til þess að fjalla um umhverfismálin, sem skólinn getur nýtt sér áfram. Verkefnið var hvatning fyrir nemendur að fjalla um umhverfismál, það ýtti undir sjálfstæði nemenda, skipulag, frumkvæði og sköpun. Með því að fjalla um umhverfismál, finna lausnir og koma einhverju á framfæri er góð aðferð til þess að minnka loftslagskvíða. Flestir voru sáttir með útkomuna og allir kynntu sín verkefni fyrir sínum bekk. Kennsluáætlun, kveikjur og ítarefni mun nýtast öðrum skólum sem vinna verkefnið.



KYNNING Á VERKEFNINU

Samstarfið var kynnt á menntabúðum þriggja skóla í Laugardalnum.

Þennan vetur hafa nokkrir skóla fengið kynningu á verkefninu, vonumst að þeir verði enn fleiri á næstu árum.



Verkefnið er kynnt á heimasíðu Landverndar.

Verðlaunaafhending Umhverfisfréttafólks var haldin 6. maí. Þar mætti kennari Laugalækjarskóla og nemendur sem áttu verkefni í undanúrslitum. Verðlaunaafhendingin var mjög vel heppnuð mikil valdefling fyrir nemendur að sjá verkefnum sínum hampað á þennan hátt.

Umhverfisfréttafólk



Það er mikilvægt að ungt fólk hafi vettvang til þess að fjalla um umhverfismálin og að þið getið haft áhrif.

Í þessum verkefni setjið þið ykkur í spor fréttamanna, þið veljið ykkur málefni sem tengjast umhverfismálum. Eitthvað sem þið hafið áhuga á að fjalla um. Þið bendið á vandamálið og komið með hugmyndir að lausnum, sem stuðla að sjálfbærara samfélagi.

Þið kynnist líka ólíkum miðlunarleiðum og hvernig best er að nota þær.



LANDVERND



KVEIKJUR



Notið síma. Farið inn á Menti.com.
Sláið inn númerið sem varpast á
töfluna í skólastofunni.
Skrifið hvað ykkur dettur í hug
þegar þið heyrið orðið
umhverfismál.

Skodið saman og ræðið hvaða orð
koma á töfluna



SAMGÖNGUR



FÖT



SNJALLTÆKI



MATUR

Hver hópur dregur eitt umfjöllunar-
efni hjá kennara. Umræður í 10-15
mínútur.

Hópurinn finnur 5-10 Umhverfissvænarlausnir í
tengslum við efnið sem hann dró.

Einn er ritari og skrifar hugmyndir hópsins niður á
blað. Einn kynnir fyrir bekknum lausnir hópsins.



Skodið í kring um ykkur í
skólastofunni, finnið einhvern
hlut sem þið sjáið og veltið
fyrir ykkur hvernig hann
tengist umhverfismálum.

KVEIKJUR



Hvatti til aðgerða með sjóinn upp að mitti

Utanríkisráðherra eyjunnar Tívalu í Kyrrahafi, Simon Kofe, hvatti þjóðirnar sem taka þátt í loftslagsráðstefnunni í Glasgow, til að taka...

Þessi frétt vakti mikla athygli á netmiðlum, hvað er það sem gerir hana áhugaverða?

Nocco, peysa, hamborgari, rafskúta, snjallsími

Hvernig hafa þessir hlutir áhrif á umhverfið?

Er hluturinn umhverfisvænn?

Hvaða auðlindir eru notaðar við framleiðslu hans?

Hvernig getur hann orðið umhverfisvænn?

Finndu fimm hluti að eigin vali og segðu hvernig þeir hafa áhrif á umhverfið

Kveikjur


VELDU FIMM HUGTÖK SEM TENGJAST UMHVERFISMÁLUM.
ÚTSKÝRÐU MERKINGU ÞEIRARA.

Gerðu plakat unnið í canva þar sem þú útskýrir hugtökin

- SJÁLFBÆRNI,
- LOFTLAGSBREYTINGAR
- GRÓÐVAHÚSAÁHRIF
- HNATTAÆN HLÝNUN
- SÚRNUN SJÁVAR
- ÓSONLAG
- LJÓSTILLÍFUN
- AUÐLIND
- ORKUGJAFI



Myndbönd sem horft var á sem kveikjur



Verkefnalýsing



ÁKVEÐA UMFJÖLLUNAREFNI

Viltu fjalla um matarsóun, samgöngur, tísku, orkugjafa, snyrtivörur, plast, umbúðir, dýr í útrýmingarhættu, hafið, tæknilausnir eða eitthvað allt annað málefni sem þú hefur áhuga á.



ÁKVEÐA MIÐLUNARLEIÐ

Viltu gera myndband, ljósmynd, hlaðvarp, instagram, tik.tok, spil, blaðagrein, heimasíðu, myndasögu, listaverk, tölvuleik eða eitthvað annað sem þér dettur í hug. Eiginlega allt er leyfilegt nema glærusýning.



FINNIÐ HEIMILDIA

Finnið upplýsingar um umhverfsmál á netinu, einnig er gott að taka viðtal við sérfræðinga. Haldið utan um allar heimildir sem þið notið og bóúið til heimildaská og látið fylgja með verkefninu.



SKIPULEGGJA FRAMKVÆMD

Hvernig er best að taka myndband, taka flotta ljósmynd, gera heimasíðu o.s.fv. Í glærunum eru leiðbeiningar með nokkrum miðlunarleiðum. Það er líka hægt að finna upplýsingar á neti.



TENGJA VIÐ HEIMSMARKMIÐ


Hvaða heimsmarkmiðum tengist verkefnið þitt. Segðu frá heimsmarkmiðunum og hver tengingin er.



KYNNING Á VERKEFNI

Hópurinn skipuleggur saman kynninguna, allir hafa eitthvert hlutverk.

Segið frá hvernig hugmyndin kviknaði, afhverju þið völdu þið að fjalla um þetta málefni og þessa miðlunarleið. Hvert er vandamálið og er einhver lausn? Hefur verkefnið haft áhrif á hegðun ykkar? Segið frá hvernig samstarfið gekk. Útskýrið og sýnið verkefnið ykkar. Gott er að skrifa niður punkta til að hafa hjá sér.



HÆFNIVIÐMIÐ

VINNUSKIPULAG

Geti tekið þátt í skipulagi verkefnis og unnið eftir verk og tímaáætlun hóps.

MIÐLUN

Geti miðlað upplýsingum um umhverfismál á skýran, skapandi og gagnrýnan hátt.

HEIMSMARKMIÐ

Geti tengt verkefnið við heimsmarkmið.

KYNNING Á VERKEFNI

Geti kynnt verkefnið á skýran og áhugaverðan hátt

HEIMILDIR

Geti aflað sér áreiðanlegra heimilda um umhverfismál á íslensku og erlendum málum og búið til heimildalista sem fylgir með verkefninu.

FRÁSÖGN

Geti greint stöðu umhverfismála og komið með hugmyndir að umbótum

 Framúrskarandi

 Hæfni náð

 Á góðri leið

 Þarfnast þjálfunar

 Hæfni ekki náð

Að skrifa blaðgrein

Að skrifa blaðgrein er góð leið til þess að vekja athygli á málefnum, ef þú vilt koma einhverju á framfæri og þær skapa oft umræður í þjóðfélaginu.

Gott er að hafa nokkur ráð í huga þegar skrifa á blaðgrein.

Lestu blaðgrein um umhverfismál og svaraðu spurningum

Finndu grein um umhverfismál í blaði eða á netmiðli. Skoðaðu uppbyggingu greinarinnar.

Hver er titill greinarinnar?

Er titillinn upplýsandi, segir hann okkur um hvað greinin fjallar?

Vekur hann áhuga?

Er undirtitill sem lýsir efni greinarinnar, spurning eða kveikja?

Er framvindan góð?

Er greinin spennandi allan tímann?

Er spurningu svarað í lokin?

Er fjallað um nær eða fjærumhverfi?

Hver, hvað, hvenær, hvað?: Er þessum spurningum svarað í greininni?

Vekur myndefnið áhuga?

Styður myndin frásögnina?

En undirtexti við myndina?

Vekur undirtextinn áhuga?

Heimildir: eru heimildir í greininni, er vitnað í aðrar greinar eða einstakling?

Virkar greinin áreiðanleg, Hvernig þá?

Hvað vakti áhuga?

Hvers vegna valdir þú þessa grein til að fjalla um, Hvað vakti athygli þína?

RÁÐ TIL AÐ SKRIFA BLAÐAGREIN



HEITI GREINARINNAR

Best er að ákveða nafn á greininni þegar búið er að skrifa hana. Nafn á grein á að vera stutt, hnitmiðað, áhugavert og grípandi. Nafnið á að gefa góða mynd af umfjöllunarefni hennar. Með heiti greinarinnar lokkar höfundur til sín lesendur.




MYNDSKREYTING

Ein mynd getur sagt meira en þúsund orð. Notaðu mynd sem lýsir því sem fjallað er um í greininni. Þetta getur verið mynd af þeim sem þú tókst viðtal við eða lýsir innihaldi greinarinnar vel.



TEXTI UNDIR MYND

Textinn á að vera stuttur og lýsandi fyrir greinina. Ekki lýsa því sem er á myndinni nákvæmlega. Heldur hvað þýðingu hún hefur fyrir greinina.



UNDIRTITILL

Í upphafi greinar er mikilvægt að hafa nokkrar setningar sem lýsa í stuttu máli um hvað greinin fjallar, þetta getur verið spurning eða stuttur útdráttur, eitthvað sem vekur áhuga og gerir lesandann forvitinn.



YFIRLESTUR

Lestu vel yfir greinina, skoðaðu stafsetningu og setningagerð. Eru allar staðreyndir réttar, lestu greinina upphátt fyrir einhvern. Er eitthvað sem má laga?

GÁTLISTI



- Áhugaverð mynd og undirtexti
- Góð fyrirsögn (heiti greinarinnar)
- Spannandi spurning eða kveikja í upphafi greinarinnar
- Viðhorf sérfræðings
- Fjallað um nærumhverfi
- Gerður samanburður við önnur lönd (þarf ekki)
- Kanna að allar staðreyndir (heimildir) séu réttar
- Lesa yfir stafsetningu og málfar
- Senda greinina
- Kynna greinina á Insta, Snap, Tik, tok

Ráð til að taka ljósmynd



Taktu ljósmynd sem tengist umhverfismálum

Ljósmyndir hafa ólíkan tilgang þær geta verið fréttanáttúru-, fjölskyldu- og listrænar myndir eða allt í senn.

Sumar myndir segja allt sem segja þarf en stundum þarf texta við ljósmynd til útskýringar.

Flott myndefni og hugmyndir eru í raun alls staðar, en það þarf að opna augun og mögulega þjálfun til þess að sjá það.




Sæt tortíming Höfundur Íris Lilja Jóhannsdóttir

Fjallaðu um fjórar ljósmyndir sem tengjast loftslagsmálum

Á þessum vef Collections | Climate Visuals er safn mynda sem tengjast loftslagsmálum, veldu eina mynd í þremur flokkum. Veldu líka eina mynd af eigin vali sem er í bók eða á neti.

Svaraðu þessum spurningum

- Hvað er á myndinni?
- Hvaða sögu á myndin að segja?
- Af hverju finnst þér myndin flott?
- Hvað dregur þig að myndinni?
- Hvaða vandamál er verið að vekja athygli á?
- Hvernig er mynduppbygging myndarinnar?
- Hvað er áhrifaríkt við myndina?




RÁÐ TIL AÐ TAKA GÓÐA LJÓSMYND



SKIPULEGGJA LJÓSMYND

Hvaða sögu vilt þú segja?
Hvernig ætlar þú að segja sögu með einni ljósmynd?
Ætlar þú að benda á vandamál eða lausn á vandamáli?
Hafðu í huga, Hvar? Hvað? Hver?



LÝSING

Birta skiptir mjög miklu máli. Því meiri birta því betra, dagsbirta er t.d. mjög góð.
En það er kúnst að taka mynd þegar sólin skín. Best er að ljósmyndarinn snúi baki í sólinu. Gott er að taka myndir rétt fyrir eða eftir sólarlag þá er birtan mildari, en þegar sólin er hátt á lofti.



UPPSTILLING

Prófið ólík sjónarhorn, beygið ykkur niður, leggist á magann, standið á stól, færið ykkur til. Farið nær hlutum og fjær. Prófið ólíkar útfærslur og skoðið hvað kemur best út fyrir myndina. Það er talið betra að fara nær hlutum heldur en að nota aðdráttarlinsu. (zoom) Hafðu það inn á myndinni sem þú vilt hafa þar, skoðaðu rammann vel. Hvaða bakgrunn viltu hafa?



DÝPT

Hugsaður um dýpt myndarinnar, hvað á að vera í fókus og hvað ekki.
Hafðu í huga áferð, liti og andstæður.



EFTIRVINNSLA

Hægt er gera ótrúlegustu hluti í eftirvinnslu t.d. breyta litum og bakgrunni, passaðu bara að gera ekki of mikið, myndin þarf að njóta sín eins og hún er.



BIKTUSTIG

Skoðið þetta myndband til þess að læra meira um birtustig, fókus, myndbyggingu og gullinsnið o.fl. [g photo composition tips \(feat. Steve McCurry\) - YouTube](#)




RULES

Gott er að hafa þessi ráð í huga en það má líka brjóta þau og fara eftir innsæinu, hvað finnst þér flott!
Stundum eru flottustu myndirnar teknar án þess að hugsa of mikið.



Að búa til myndband

GOTT ER AÐ HAFNA A.M.K. ÞRÁÁ Í
HÓPNUM, LEIKSTJÓRA,
ÞANN SEM TEKUR VIÐTÖL, TÖKUMANN
OG HLJÓÐMANN.



Veldu einn þátt í þáttaröðinni Hvað getum við gert?

Til að finna þættina er best að fara inná ruv.is, velja sjónvarp, velja svo leit og skrifa Hvað getum við gert? Þá koma upp margir þættir sem hægt er að velja úr.

Horfðu á þáttinn sem þú velur og svaraðu spurningum.

1. Hvert er umfjöllunarefni þáttarins?
2. eru spurningar lagðar fram í upphafi, hvaða spurningar?
3. Hvert er vandamálið?
4. eru viðmælendur í þættinum?
5. eru viðmælendurnir, sérfræðingar eða almenningur, hvernig sérfræðingar?
6. styðja þeir vel við málefnið sem fjallað er um koma þeir með ólíkar hliðar?
7. er þátturinn spennandi? Heldur hann athygli þinni? Ef ekki afhverju?
8. hvernig er myndefnið, styður það vel við málefnið sem fjallað er um?
9. kemur einhver niðurstaða eða lausn fram í þættinum?
10. kemur eitthvað þér í óvart í umfjölluninni?
11. er eitthvað í þættinum sem hefur áhrif á þig?
12. hefur þú skoðun á hvernig væri hægt að fjalla um málefnið á annan hátt?

Hugmynd

Hvaða sögu vilt þú segja?

Góð hugmynd skiptir miklu máli.

Hvaða málefni tengt loftslagsmálum vilt þú fjalla um?

Hvað finnst þér áhugavert?

Kannski eitthvað sem er í umræðunni í dag?

Eitthvað sem skiptir máli fyrir samfélagið

Eitthvað sem er nálægt ykkur

Hvað vitið þið, hvað viljið þið vita, er einhver lausn á vandamálinu?

Hvaða heimildir eða heimildarmenn ætlar þú að hafa?

Áhugaverðir viðmælendur gera myndina meira spennandi.

Hvaða sögu vilt þú segja?

Spurningar sem gott er að hafa í huga:

Hvert er vandamálið?

Hvað á að gerast?

Hvenær byrjaði þetta vandamál?

Af hverju?

Hvernig gerist það?

Hvað getum við gert?

Áður en þú byrjar þarftu ekki að vita allt sem á að gerast, það kemur oft í ljós í ferlinu.



RÁÐ TIL AÐ TAKA MYNDBAND



HANDRIT

Búðu til handrit eða söguramma. Gott handrit skiptir öllu máli það er vinnuskjalið sem unnið er eftir. Hafið það einfalt ekki flækja málin, ekki reyna að segja frá öllu. Hafið í huga að við munum betur það sem við sjáum en það sem við heyrum.



TÆKI

Sumir skólar eiga upptökuvélar, annars er líka hægt að nota snjallsíma, hægt er að hlaða inn kvikmyndatöku appi (kitcamera og MoviePro shoot. Það getur líka verið gaman að prófa að nota GoPro vél, en bara að passa að ofnota hana ekki.



LÝSING

Passið að hafa samræmi í lýsingu og að upptakan sé ekki of dökk.



HLJÓÐ

Það gerist stundum að hljóðið er ekki nógu gott í myndböndum, í útitökum er gott að passa t.d. öll aukahljóð, vind, hljóð í flugvéllum og bílum. Kannið hvort mikrafóninn séu nógu góður, gerið hljóðprufu. Prófið að nota Voice Memo á snjallsímanum.



HLJÓÐVINNSLA

Viltu setja inn tónlist í myndina þína, tónlist getur stutt við myndina, en stundum getur það verið of mikið. Það er fullt til af ókeypis hljóðfælum á netinu Audio libery.



KLIPPING

Klipptu út það sem er ekki áhugavert, þannig að sagan þín verði áhugaverð. Síðan þarf að setja myndina saman, svo hún myndi góða heild, sé ekki langdregin, áhugaverð og ekki mikið um endurtekningar.

Gott er að hvíla myndina og skoða aftur seinna, þá kemur eitthvað í ljós, leyfa öðrum að sjá og segja sína skoðun, kannski benda þeir á eitthvað sem fór framhjá þér.



RÁÐ TIL AÐ TAKA MYNDBAND



VIÐTÖL

Gott er að tala við viðmælanda áður en upptaka hefst, undirbúa spjallið, reynið að hafa andrúmsloftið afslappað.

Notið opnar spurningar, varist spurningar þar sem svarið getur verið já eða nei.

Undirbúðu spurningar, hvert er sjónarhorn viðmælandans, hlustaðu vel á svörin og bregstu við þeim, ekki fara bara í næstu spurningu, heldur spurðu áfram ef svar viðmælandans býður upp á það.

Spyrja um tilfinningar viðmælandans

Betra: Af hverju veldur eittraður úrgangur þér áhyggjum?

Síðra: Af hverju er eittraður úrgangur slæmur?

Mannlegi þátturinn er áhugaverður



MYNDATAKA

Viðmælandinn á ekki að tala beint í vélina, nema þú viljir sérstaklega að viðmælandinn tali beint við áhorfendur. Settu rammann aðeins til hliðar.





Það er líka flott að hafa tvö ólík sjónarhorn, nær og fjærmynd.

Taktu upp viðmælandann vera að gera eitthvað t.d. eitthvað sem tengist viðfangsefninu, það myndefni er hægt er að nota þegar viðmælandinn er að tala.

Hafðu hreyfingu í myndinni, sá sem horfir vill að það sé eitthvað að gerast.

Byrjaðu að taka upp 5 sek áður en senan hefst og 5 sek á eftir.

Hreyfðu myndavélina hægt, það getur verið svimandi að hreyfa of hratt ekki upp og niður heldur varlega til hliðar, til að fá hreyfingu þá má taka út um glugga á bíl.



Keppnin

Þeir sem vilja geta sent verkefnið sitt í keppni á vegum Landverndar sem haldin er á hverju vori. Við viljum endilega fá sem flest verkefni.

Sérfræðingar innan Landverndar fara yfir öll verkefni og dómnefnd skipuð reyndu fjölmiðlafólki velur síðan fyrsta, annað og þriðja sæti.

Hvert og eitt verkefni er yfirfarið með fimm matsviðmið í huga:

Uppbygging og gæði
Sanngirni og hlutlægni
Fróðleikur
Frumleiki og sjálfstæði
Miðlun



Kennsluáferðir




Vel heppnað leitarnám eða hefðbundin kennsla?

Nemendamiðað leitarnám	Hefðbundin kennsla
Nemendur velja sér viðfangsefni	Kennarinn velur viðfangsefni
Pverfaglegt nám	Nám í einni námsgrein
Námið nær út fyrir skólastofuna. Nemendur geta leitað bjargráða fyrir utan kennslustofuna og verkefninu er miðlað til fólks utan skólans.	Námið og verkefnið fer alfarið fram innan kennslustofunnar.
Virk hugsun nemenda, hugmyndir og skoðanir eru hluti af námsferlinu.	Kennarinn stýrir ferðinni
Nemendur velja viðfangsefni sem þeir hyggjast læra meira um og kljást við.	Kennari miðlar öllum upplýsingum til nemenda.
Hópvænna	Einstaklingsvænna
Verkefni lýkur með einhversskonar afurð sem er miðlað til fólks utan skólans.	Verkefni lýkur með prófi.

Leitarnám
Nemendamiðað
Umbreytandi nám
Gagnrýn hugsun
Valdefling

LYKILHÆFNI



TJÁNING OG MIÐLUN

Nemandi þarf að miðla áfram málefnum tengd umhverfismálum og kynna fyrir öðrum.

ÁBYRGÐ OG MAT Á EIGIN NÁMI

Nemandi tekur ábyrgð á efnisvali, framkvæmd og kynningu. Ber ábyrgð á tímastjórnun og skipulagi.

SKAPANDI OG GAGNRÝNIN HUGSUN

Nemandi þarf að finna skapandi leiðir til þess að vinna verkefnið og vera gagnrýnin á upplýsingar.

NÝTING MIÐLA OG UPPLÝSINGAR

Nemandi þarf að leita sér ábyrggra upplýsinga og nýta sér fjölbreytt miðlunarfom.

SJÁLSTÆÐI OG SAMVINNA

Nemandi er sjálfstæður í vinnubrögðum, verkefnið er að mörgu leyti opið og getur nemandi tekið sjálfstæðar ákvaðanir um framkvæmd verkefnisins. Verkefnið stuðlar að samvinnu nemenda.

GRUNNÆTTIR MENNTUNAR



LÆSI

Nemandi þarf að tileinka sér texta um umhverfismál á íslensku og erlendum málum. Þarf að vera læs á samfélag og stöðu umhverfismála.

JAFNRÉTTI

Verkefnið hvetur til hugsunar um ólíkar aðstæður fólks og mikilvægi þess að flestir fái að njóta gæða þess sem náttúran gefur okkur. Græðgi sumra hefur áhrif á lífsgæði annarra.

SJÁLFBÆRNI

Nemandi tekst á við verkefni sem snúa að umhverfi, félags- og efnahagslegum þáttum samfélagsins. Nemandi kemur með hugmyndir um hvernig hægt er að stuðla að sjálfbærara samfélagi.

HEILBRIGÐI OG VELFERÐ

Verkefnið stuðlar að því að nemendur fjalla um það sem tengist þeirra áhugasviði, að veldefla nemendur getur styrkt þeirra sjálfsmynd.

LÝDRÆÐI OG MANNRÉTTINDI

Verkefnið tekur til til áhuga nemenda, þau eiga að taka ábyrgð á eigin námi. Verkefnið getur stuðlað að bættum mannréttindum.

SKÖPUN

Nemandi er hvattur til þess að nýta sér skapandi leiðir til þess að vinna verkefnið.

